



Umsögn um þingmál

143. mál um málefni aldraðra (réttur til sambúðar)

Umsagnaraðili: Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Dagsetning: 8.4.2024
Þingmálsnúmer: 143

Almennt álit

Velferðarnefnd fagnar því að aukið sé á réttindi fólks í hjónabandi eða sambúð til að dvelja saman á stofnun fyrir aldraða eftir að færni og heilsumat fyrir annan aðilann liggur fyrir. Hins vegar telur nefndin að huga þurfi betur að framkvæmd heimildarinnar og þá sérstaklega eftir að maki fellur frá.

Athugasemdir og hugleiðingar

Athugasemdir við 1. gr. laganna

- Að mati nefndarinnar er mikilvægt að réttur til sambúðar sé ekki sjálfgefinn heldur þurfi að sækja um hann. Ástæða þess er t.d. að ekki eru öll hjúkrunarrými einbýli og ekki sjálfgefið að einstaklingur sem deila herbergi á stofnun með öðrum einstaklingi sé því hlynntur að deila herberginu með fleiri einstaklingum. Þá eru ekki allar stofnanir nægilega vel búnar til að geta tekið á móti bæði heimilismönnum og mökum þeirra. Stofnanir verði þá einnig að geta metið það hvort að sú ákvörðun að heimila maka að dvelja samhliða heimilismanni, geti mögulega skert gæði þjónustunnar sem aðrir heimilismenn fá.
- Nefndin tekur ekki undir það að maki eigi sjálfkrafa að öðlast búseturétt á viðeigandi öldrunarstofnun eftir fráfall heimilismanns og öðlast við það sjálfstæðan rétt sem heimilismaður á stofnun fyrir aldraða kjósi hann svo. Eins og staðan í málaflokknum er í dag er mikilvægara að tryggja að pláss sé til staðar fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda. Hins vegar þarf að tryggja að maki hafi viðeigandi búsetuúrræði í kjölfar dvalar með maka. Þá væri einnig hægt að tryggja rétt til dvalar á meðan beðið er eftir niðurstöðu færni- og heilsumats ef þörf fyrir þjónustu hefur komið upp á meðan dvöl með maka stóð. Með samstarfi við félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélaga ætti að vera hægt að tryggja að maki fái viðeigandi ráðgjöf og stuðning við húsnæðisleit, og dvöl yrði tryggð á meðan á þeirri vinnu stendur.

Athugasemdir við 2. gr. laganna

- Ekki efnisleg athugasemd að öðru leyti en það sem samræmist athugasemdum við 1. gr. hér að ofan

Athugasemdir við 4. gr. laganna

- Líkt og við 2. gr. er ekki gerð efnisleg athugasemd að öðru leyti en það sem samræmist athugasemdum við 1. gr. hér að ofan.